

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Stefánssonar.

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Stefánssonar og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

Jón Stefánsson var organisti Langholtskirkju í 50 ár. Ásamt eiginkonu sinni, Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur óperusöngkonu, byggði Jón upp öflugt tónlistarlíf í Langholtskirkju þar sem hann stýrði fjölda kóra með söngfólki á öllum aldri.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Markmið.

Í starfi sínu lagði Jón Stefánsson megináherslu á tónlistariðkun ungs fólks. Með kórastarfi sínu opnaði hann heim tónlistarinnar fyrir fjölda barna og hafa mörg þeirra gert tónlistina að sínu aðalstarfi. Markmið sjóðsins er að styðja ungt fólk sem er að hasla sér völl á sviði tónlistar og styrkja önnur verkefni sem stjórn sjóðsins metur að falli að hugsjónum Jóns Stefánssonar. Þessi verkefni geta verið af ýmsum toga og er það stjórnar sjóðsins að velja verkefni eftir reglum sjóðsins á hverjum tíma.

4. gr.

Stofnandi.

Stofnandi sjóðsins er Ólöf Kolbrún Harðardóttir, kt. 200249-4969. Stofnandi hefur engin sérréttindi í sjóðnum.

5. gr.

Stofnfé

Stofnfé minningarsjóðsins er kr. 3.230.000 og samanstendur af:

Framlagi frá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur, kr. 500.000.

Fé sem gefið var í minningu Jóns við útför hans, kr. 600.000.

Framlagi frá Rótaryklúbbum Reykjavík-Austurbær, kt. 420992-2469, kr. 250.000.

Framlagi frá Söngskólanum í Reykjavík, kt. 570474-0739, kr. 150.000.

Framlagi frá Starfsmannafélagi Söngskólans í Reykjavík, kt. 520814-0510, kr. 100.000.

Framlagi frá Óperukórnum í Reykjavík, kt. 421193-2669, kr. 100.000.

Framlagi frá Garðari Cortes, 240940-7289, kr. 100.000.

Framlagi frá Ásrúnu Davíðsdóttur, kt. 241146-3329, og Haraldi Friðrikssyni, kt. 191144-7919, kr. 100.000.

Framlagi frá Arnfríði Guðmundsdóttur, kt. 120161-5989, og Jónasi Guðmundssyni, kt. 270256-5739, kr. 100.000.

Framlagi frá Halldóri Torfasyni, kt. 100651-2549, og Steingerði Védísi Stefánsdóttur, kt. 200449-3049, kr. 200.000.

Framlagi frá Karli Ólafssyni, kt. 080459-6109, og Þórunni Rafnar, kt. 250158-4329, kr. 1.000.000.

Framlagi frá Jakobi Stefánssyni, kt. 291254-3069, kr. 30.000.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé, svo og gjafir sem sjóðnum kunna að berast.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur fulltrúum til þriggja ára í senn. Einn fulltrúi er tilnefndur af Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur, annar er tilnefndur af stjórn Listafélags Langholtskirkju og sá þriðji er tilnefndur af Rótarýklúbbnum Reykjavík-Austurbær. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnarstörf eru ólaunuð.

Hlutverk stjórnarinnar er að setja starfsreglur um úthlutanir, svo sem einstakar styrkfjárhæðir, umsóknarfresti og ferli umsókna. Reglur um úthlutanir styrkja úr sjóðnum skal endurskoða árlega. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Endurskoðendur.

Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

9. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

10. gr.

Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

11. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 22. janúar 2018,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrímsdóttir.